

119. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 1. júlí 2019 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1905331 - Krókatún 3 - umsókn um byggingarleyfi

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og breyttu útliti einbýlishúss. Í gildi er deiliskipulag Krókatún-Deildartún frá 2009.

Í deiliskipulagi er skráð stærð hússins 175,4m², gert er ráð fyrir að húsið stækki í 187,2m², eða 11,8m². Deiliskipulagsskilmálar: Heimilt er að byggja litlar viðbyggingar utan byggingarreita allt að 12fm, í samræmi við byggingarstíl húsa þar sem aðstæður leyfa."

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fram fari grenndarkynning á framkvæmdinni. Grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. Sbr. 2. mgr. 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigendum að Krókatúni 1, 2, 4A, 5 og 6.

2. 1905316 - Kirkjubraut 17 - umsókn um byggingarleyfi

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á útitröppum og stigapalli ásamt samnýtingu göngustígs.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fram fari grenndarkynning á framkvæmdinni. Grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigendum að Kirkjubraut 15, 19 og 21 ásamt eigendum að Akurgerði 17a.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

3. 1903185 - Grundaskóli - færanleg kennslustofa/skólastofa

Framkvæmdir við elstu færanlegu kennslustofuna við Grundaskóla. Kostnaðaráætlun og minnisblað.

Karl Johann Haagensen sat fundinn undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fara í viðgerð á færanlegri skólastofu við Grundaskóla. Áætlaður kostnaður er kr. 3.962.500.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gert verði ráð fyrir ofangreindri upphæð í næsta viðauka fjárhagsáætlunar 2019.

6. 1903262 - Fyrirspurn um sameiningu lóða við Þjóðbraut 9

Lagðar fram frumhugmyndir frá Festu fasteignir ehf, um nýtt athafnasvæði N1 á Akranesi.

Málið kynnt.

7. 1810219 - Vogar/ Kalmansvík 2 - leiðrétting á lóðarstærð

Upplýsingar um kaup á landi.

Erindið kynnt.

4. 1906112 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. - breyting á skipulagsmörkum.

RS 3 FK

Kynningafundur.

Kynningafundur/opið hús var haldinn föstudaginn 28. júní 2019. Lögð er fram fundargerð vegna athugasemda sem bárust á fundinum.

5. 1906111 - Deiliskipulag - Garðalundur breyting

Kynningafundur.

Kynningafundur/opið hús var haldinn föstudaginn 28. júní 2019. Lögð er fram fundargerð vegna athugasemda sem bárust á fundinum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.

Ragnar Semundsson

Kristinn Hallur Sveinsson

1
Ólafur Þorsteinsson

Stefnir Stefánsson

Sig. Þ. H.

Hafslís Sigurpórsd. rit.